


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	Samskipti SAM103 Fjarkennsla Námsáætlun haustönn 2016	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	María Albína Tryggvadóttir (maria@vma.is)	Sk.st.	MAL
----------------	---	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um gildi virðingar og fordómaleysis í samskiptum. Viðbrögð fólks við kvíða- og streituvaldandi aðstæðum rifjuð upp. Lögð er áhersla á sjálfstyrkingu nemenda og farið í þá þætti sem styrkja sjálfstraust og ákveðni í samskiptum. Skoðað er hvernig líkamstjáning getur mótað gæði samskipta. Tjáskiptareglur ólíkra menningarsvæða eru kynntar. Nemandi metur hvernig tjáskipti án orða hefur áhrif á samskipti daglegs lífs. Athugað er hvernig virk hlustun eykur gæði samskipta. Í lok áfangans er skoðað hvað viðtalstækni felur í sér og hvað vert er að hafa í huga í samræðum um viðkvæm málefni.

Markmið:


Meginmarkmið er að nemandi geri sér grein fyrir gildi samskipta í starfi og öðlist öryggi og trú á eigin getu í tjáskiptum. Að nemandi geri sér grein fyrir áhrifum eigin tilfinninga og fordóma á tjáskipti.

Áfangamarkmið: Að loknu námi í áfanganum á nemandi að:

- geta gert grein fyrir áhrifum eigin fordóma og tilfinninga á tjáskipti
- geta gert grein fyrir menningarlegum áhrifum á samskiptahætti og tjáskiptareglur ólíkra samfélaga
 - sýna framkomu sem einkennist af virðingu og fordómaleysi
- búa að styrkri sjálfsmýnd og trú á eigin getu í samskiptum
- geta fjallað um eigin styrkleika og veikleika í samskiptum
- þekkja þá þætti sem hafa áhrif á samskiptahæfni einstaklings í kvíða- og streituvaldandi aðstæðum
- geta gert grein fyrir áhrifum líkamstjáningar á gæði samskipta
- þekkja áhrifamátt orðavals í samskiptum
- geta sýnt fram á færni í samskiptatækni og málamiðlun
- geta útskýrt mikilvægi virkrar hlustunar í samskiptum
- geta útskýrt hvað lokar fyrir og hvað eykur flæði tjáskipta
- þekkja þau atriði sem hafa ber í huga í samræðum um viðkvæm málefni
- búa að grundvallarfærni í samskipta- og viðtalstækni

Námsgögn:

Fengin frá kennara- á netinu/Moodle.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	Samskipti SAM103 Fjarkennsla	
	Námsáætlun haustönn 2016	

Áætlun um yfirferð:

	Námsefni
1. lota	Er hjúkrun samskiptastarf? Samskiptakenning- eflandi og niðurbjótandi samskiptahættir Hugmyndir okkar um annað fólk Fordómar og sjúkdómar Samskipti við fólk af erlendum uppruna í íslensku heilbrigðiskerfi Tilfinningar Sjálfstyrking, sjálfstraust Ákveðni og óákveðni
2. lota	Tvöföld skilaboð, þú og ég boð Virk hlustun. Líkamstjáning, tjáskipti án orða, áhrif orðavald í samskiptum Nánd í samskiptum Samskipta- og viðtalstækni. Myndbandsverkefni Að ræða „erfið“ mál við skjólstæðinga Vinnustaðurinn :Að efla sjálfan sig í samskiptum- vinnustaðurinn.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á námsáætlun.

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Annarpróf	Eitt moodle próf á önninni	10 %	
Verkefni	Vikuleg verkefni (10 hæstu gilda)	30 %	
Myndbandsverkefni	Upptaka af samskiptum	15 %	
Lokapróf	Í desember.	45 %	
		Samtals:	100%

Annað: Til að ljúka áfanganum þarf að ná 4 í lokaprófinu og skila myndbandsverkefninu.

Dagsetning: 12.9/16

Mania A. Te.
Undirritun kennara

Inga B. Ólafsd.
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils